

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

4. febrúar 2016

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Nú eru nemendur 9. bekkjar staddir á Laugum í Sælingsdal ásamt Jóhönnu umsjónarkennara og nemendur 10. bekkjar eru í starfskynningum. Þannig það er fámennnt en góðmennt hjá okkur í skólanum.

Starfið framundan:

Öskudagur

Miðvikudaginn 10. febrúar er öskudagur og þá brjótum við upp skólastarfið að vanda. Nemendur mæta í skólann á venjulegum tíma, uppáklæddir í hina ýmsu búninga. Tímanum fram að kaffi er svo varið í að mála þá sem þess þurfa og æfa söng. Eftir kaffi eru fyrirtækin í staðnum heimsótt þar sem ævinlega er tekið á móti okkur með einhverjum kræsingum. Skóla lýkur svo um kl. 12 og er hádegismatur fyrir þá sem eru í mötuneytinu þann dag en strax í kjölfarið verður svo grímuball fyrir 1. – 6. bekk. Eftir hádegismat er heimakstur fyrir 7. – 10. bekk og þá sem ætla ekki á grímballið.

Grímuball

Grímuball fyrir 1.- 6. bekk frá öllum starfsstöðvum og leikskólabörn verður miðvikudaginn 10. febrúar, öskudag, frá kl. 13:00-15:00 en ball fyrir eldri nemendur verður auglýst síðar. Þar sem ballið er innan venjulegs skólatíma, er skólaakstur heim eftir ballið.

Vetrarfrí

Fimmtudag og föstudag 11. og 12. febrúar er vetrarfrí í skólanum.

Námsmatsvika

Í námsmatsvikunni eru ekki prófadagar, heldur meðal annars frammistöðumat á mentor, sem verður útskýrt þegar að því kemur.

Starfsdagur kennara

Þriðjudaginn 23. febrúar verður starfsdagur kennara og er því frí hjá nemendum þennan dag.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi